

Alþingi
Erindi nr. P 131/919
komudagur 13. 2005



VERSLUNARRÁÐ
ÍSLANDS

ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE
Stofnað 1917

SAMTÖK
VIÐSKIPTALÍFSINS

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Stefáns Árna Auðólfssonar, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. febrúar 2005.

Efni: Skýrsla um umfang skattsvika á Íslandi (442. mál).

Verslunarráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda skýrslu. Verslunarráð hefur áður komið á framfæri athugasemdum við ýmis atriði skýrslunnar, m.a. á fundi nefndarinnar 21. janúar sl. Að mati Verslunarráðs er nauðsynlegt að lagt sé mat á umfang skattsvika hér á landi á hverjum tíma eftir þeim leiðum sem færar eru. Könnun á viðhorfi almennings til skattsvika veitir og mikilvægar upplýsingar um afstöðu manna til skattheimtu og ætti að geta orðið löggjafanum vísbending við stefnumótun.

Í ofangreindri skýrslu er gengið út frá tiltekinni skilgreiningu á skattsvikahugtakinu. Þá er fjallað ágætlega um þær ýmsu hugsanlegu aðferðir sem mætti styðjast við þegar skattsvik eru annars vegar. Á það ber þó að líta að í skýrslunni kemur ekki fram hvert umfang skattsvika er hér á landi heldur er farin sú leið að fjalla um þróun erlendis og hún heimfærð á íslenskar aðstæður. Verslunarráð telur að sú aðferð eigi ekki endilega við.

Í 14. kafla skýrslunnar eru kynntar ýmsar hugmyndir um aðgerðir til að sporna við skattsvikum. Að mati Verslunarráðs er þó óheppilegt að fjalla um allar þessar aðgerðir með þeim hætti sem gert er, eins og jafn mikið tilefni sé til þeirra hverrar fyrir sig. Verslunarráð telur þannig t.a.m. ekki tilefni til þess að rýmka heimildir skattyfirvalda til endurákvörðunar skatta og fellst ekki á það sjónarmið að skattyfirvöldum sé þröngur stakkur sniðinn með sex ára tímaramma. Þá telur Verslunarráð ekki efni til að afnema friðhelgi einkalífsins með þeim hætti sem skýrsluhöfundar leggja til varðandi bankaupplýsingar. Undir margt annað getur Verslunarráð tekið s.s. hvað varðar skilvirkni skatteftirlits. Þá tekur ráðið undir athugasemdir skýrsluhöfunda um þau vandkvæði sem fylgja samspili

Póstáritun:
Verslunarráð Íslands
Húsi verslunarinnar
Kringlan 7
103 Reykjavík

Sími: 510 7100
Bréfsími: 568 6564
Netfang: mottaka@chamber.is
Website: www.chamber.is

bóta- og skattkerfis. Verslunarráð hefur áður bent á það, sérstaklega sem lið í eflingu skilvirkni, að bótakerfi (t.d. vaxta- og barnabætur) sé almennt haldið utan við skattkerfið.

Verslunarráð telur afar óheppilega þá tilraun skýrsluhöfunda til að gera tortryggilega ýmis konar ráðgjafa sem starfa á sviði skattamála. Verslunarráð mótmælir þeirri skoðun sem fram kemur í skýrslunni um að skattaráðgjafar hér á landi veiti vafasama ráðgjöf í lagalegu tilliti en í skýrslunni er það kallað *skattasniðgönguráðgjöf*. Þessar ásakanir eru alvarlegar og óheppilegt að starfsópur fjármálaráðherra kjósi að stilla hefðbundinni skattaráðgjöf upp gegn því sem kallað er í skýrslunni *eðlileg skattheimta*.

Verslunarráð telur að niðurstöðu skoðunarkönnunar frá árinu 2003 megi hafa til hliðsjónar í stefnumótun í skattamálum. Könnunin leiðir í ljós það sem flestir raunsæir og rökvísir menn hafa vitað um aldir að háum sköttum fylgja óhjákvæmilega skattsvik af ýmsum toga. Verslunarráð vekur sérstaklega athygli á þeirri skoðun sem fram kemur meðal sívaxandi fjölda að skattalækkun er áhrifaríkasta leiðin til að draga úr skattsvikum.

Virðingarfyllt,
f.h. Verslunarráðs Íslands,


Sigríður A. Andersen.